



Yfirlit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda
samkvæmt lögum um grunnskóla

Samantekt unnin af:

Björk Ólafsdóttur

Tilgangur ritsins

Þessu riti er ætlað að draga fram þá ábyrgð og þær skyldur sem sveitarfélög og skólanefndir bera, samkvæmt nýjum lögum um grunnskóla, í þeim tilgangi að efla skólanefndir í hlutverki sínu.

Ritið er tvíþætt:

- Annars vegar eru tilgreindir þeir meginþættir laganna sem skólanefndir bera ábyrgð á að framfylgja eða fylgjast kerfisbundið með að sé framfylgt. Í viðauka fylgir gátlisti sem fulltrúar í skólanefndum geta notað til að skrá hjá sér athugasemdir.
- Hins vegar eru taldar fram þær lykiltölur um skólastarf sem sveitarstjórnir þurfa að standa skil á til fræðslufirvalda og annarra hagsmunaaðila.

Ritinu er ætlað að gefa yfirlit en ekki útskýra efnið nákvæmlega. Þannig er til dæmis einungis skýrt frá í hvaða grein laganna, eða í hvaða reglugerð, fjallað er um viðkomandi efnisþátt til að auðvelda notendum að fletta upp.

Rétt er að taka fram að með því að nota þetta rit og meðfylgjandi gátlista, má alls ekki líta svo á að skólanefnd hafi fullnægt mats- og eftirlitsskyldu sinni, enda er viðfangsefnið víðtækara en svo. Ritið er einungis einn liður í að útbúa hagnýtar leiðbeiningar fyrir skólanefndir. Yfirlitið er heldur ekki tæmandi. Ýmis ákvæði í lögnum, svo sem þau sem skilgreind eru á ábyrgð skólastjóra og skólaráðs eru ekki í yfirlitinu þó svo að það sé skylda skólanefnda að bregðast við ef þessir aðilar sinna ekki skyldum sínum.

Við gerð leiðbeininganna var stuðst við lög um grunnskóla nr. [91/2008](#) og reglugerðir sem þeim tilheyra. Þá var litið til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum sbr. lög nr. [91/2011](#). Einnig var [aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011) höfð til hliðsjónar ásamt [greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla](#). Ennfremur var stuðst við kannanir á innleiðingu og framkvæmd laga um grunnskóla sem Félagsvísindastofnun vann fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í desember 2009 og febrúar 2010.

Skilgreiningar

Í ritinu hafa eftirfarandi hugtök merkingu sem hér greinir:

Í **eftirliti** felst almennt, kerfisbundið eftirlit með því að skólar starfi samkvæmt lögum, reglugerðum og aðalnámskrám.

Mat hefur verið skilgreint sem „ferli sem felur í sér kerfisbundna söfnun upplýsinga sem notaðar eru til að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.“¹ Í mati felst að það er felldur dómur um gæði út frá skilgreindum viðmiðum.

¹ Steinunn Helga Lárusdóttir (2002), bls. 20

Lög um grunnskóla: Mats- og eftirlitsskylda skólanefnda

Lög um grunnskóla nr. [91/2008](#) sem sett voru árið 2008 leggja áherslu á nemendur. Þau byggja á því meginsjónarmiði að börnum á skólaskylduáldri séu búnað kjöraðstæður til náms og þroska og það sé komið til móts við einstaklingsbundnar þarfir þeirra². Lögð er áhersla á velferð barna og jöfn tækifæri þeirra til náms svo þau öðlist þekkingu, færni og kunnáttu sem undirbýr þau undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Með lögnum er svigrúm sveitarfélaga og grunnskóla til að móta skólastarf aukið. Grunnskólar fá meira sjálfstæði og um leið eykst ábyrgð sveitarfélaga sem rekstraraðila á að hafa eftirlit með að skólarnir starfi samkvæmt opinberri stefnu í menntamálum. Skólastjóri veitir skólanum faglega forystu og ber ábyrgð á starfi hans gagnvart sveitarstjórn. Sveitarstjórnin ber aftur ábyrgð á framkvæmd skólastarfs gagnvart mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sveitarfélög beri ábyrgð á og sinni mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láti mennta- og menningarmálaráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalags, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Ennfremur er kveðið á um að sveitarfélög eigi að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt leiði til umbóta í skólastarfi. Í reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalag nr. [658/2009](#) kemur fram að það sé skólanefndar að sinna þessu hlutverki í umboði sveitarstjórnar. Skólanefnd á að hafa eftirlit með því að skólastarf í grunnskólum samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Skólanefnd ber ennfremur ábyrgð á að skólastarf sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers skóla³.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanefnd sinnir eftirliti með grunnskólum í sveitarfélaginu hvort sem þeir eru reknir af sveitarfélaginu eða ekki. Sjálfstætt reknir skólar hlíta sama eftirliti (skv. lögum um grunnskóla og reglugerð nr. [980/2009](#) um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélagi). Samkvæmt 43. gr. laga um grunnskóla skulu sveitarfélög gera þjónustusamninga við sjálfstætt rekna grunnskóla þar sem meðal annars koma fram atriði sem varða mat og eftirlit með gæðum⁴.

Komi fram vísbending um að grunnskóli fari ekki að lögum og sinni ekki lögbundnum skyldum sínum skal skólanefnd ganga úr skugga um það og sjá til þess að viðeigandi úrbætur séu gerðar skv. reglugerð um mat, eftirlit og upplýsingaskyldu nr. [658/2009](#).

² Ný menntastefna: Um grunnskóla

³ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bl. 43

⁴ Lög um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum, sbr. lög nr. [91/2011](#)

Lagalegt hlutverk sveitarfélaga/skólanefnda

Sveitarfélög bera skv. 5. gr. laga um grunnskóla nr. [91/2008](#) ábyrgð á heildarskipan skólahlalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs. Í þessum kafla eru teknir fyrir helstu þættir laganna sem sveitarfélögum/skólanefndum ber skylda til að framkvæma og/eða tryggja að sé framfylgt. Við hvert efnisatriði er vísað í númer þeirrar greinar í lögnum þar sem ákvæði um efnið er að finna til að auðvelda notendum að fletta upp í þeim. Ennfremur er vísað í önnur lög og reglugerðir þar sem nánari ákvæði um efnisþætti er að finna.

Hver efnisþáttur hér á eftir á sér samsvörun í meðfylgjandi gátlista (sjá viðauka bls. 13-17). Á gátlistanum getur verið fleiri en einn liður sem á við sama efnisþáttinn og er það auðkennt með því að númera liði í gátlista með númeri samsvarandi efnisþáttar.

Þættir laga um grunnskóla nr. [91/2008](#):

1. Skólaskylda. Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði 10 ár, frá 6-16 ára. Skólanefnd er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar/lögbundinnar fræðslu skv. 5. og 6. gr. laga um grunnskóla. Ennfremur eiga börn, sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, að njóta skólavistar. Sjá nánar umfjöllun í [greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla](#).
 2. Samstarf milli skólastiga. Skv. 5. og 6. gr. laga um grunnskóla ber sveitarstjórn/skólanefnd að koma á samstarfi milli leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar. Samstarf skólastiga snýst fyrst og fremst um að skilgreina verklag um hvernig er staðið að færslu og aðlögun nemenda milli skólastiga, tryggja gagnkvæmt flæði upplýsinga á milli þeirra og samfellu í námi. Sjá nánar í 15. kafla [aðalnámskrár grunnskóla](#). Tilhögun samstarfs við leikskóla og framhaldsskóla ásamt móttöku- og tilfærsluáætlun skal birta í skólanámskrá⁵.
- Um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum er fjallað í reglugerð nr. [897/2009](#) og reglugerð nr. [896/2009](#) fjallar um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla.
3. Samstarf skóla við aðila utan skóla. Sveitarfélög bera ábyrgð á samstarfi skóla við aðila utan hans skv. 5. gr. laga um grunnskóla. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla er lagt til að sveitarfélög stuðli að samstarfi grunnskóla við aðila utan skóla sem veita börnum á grunnskólaaldri þjónustu, s.s. félags- og tólmundastarf, æskulýðsstarf, íþróttastarfsemi og ýmsa fræðslustarfsemi, t.d. tónlistarskóla og kirkjustarf. Jafnframt vísar lagagreinin til samstarfs af ýmsum toga við aðila í grenndarsamfélaginu, s.s. vegna kynningar á atvinnustarfsemi í grunnskólum.

Í skólanámskrá skal birta upplýsingar um hvernig tengslum skóla við nærsamfélagið er háttað og hvernig megi nýta það til náms og þroska⁶.

⁵ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 46

⁶ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 46

4. Skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag skulu, skv. 8., 9. og 10. gr. laga um grunnskóla, starfa við skólann. Sjá einnig reglugerð um starfsemi skólaráða nr. [1157/2008](#). Í starfsáætlun skóla skal birta upplýsingar um skólaráð og foreldrafélag og starfsáætlanir þeirra⁷.
5. Ráðningar starfsfólks. Við ráðningu starfsfólks grunnskóla skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá skv. 11. gr. laga um grunnskóla. Óheimilt er að ráða til starfa við grunnskóla, eða til að sinna sérfræðipjónustu í sveitarfélagi, einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla [almennra hegningarlaga](#) um kynferðisbrot.

Til stuðnings skal bent á [leiðbeiningar um upplýsingaöflun](#) úr sakaskrá sem aðgengilegar eru á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og samsvarandi [eyðublað](#). Sjá ennfremur á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga um [starfsmannamál grunnskóla og ráðningu grunnskólakennara og skólastjóra grunnskóla](#).

6. Símenntunaráætlun starfsfólks. Skv. 12. gr. laga um grunnskóla á hver skóli að vera með áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað. Símenntunaráætlanir fyrir skólann í heild eða einstaka starfsmenn þurfa að vera í samræmi við stefnu skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrá. Símenntunaráætlanir eiga einnig að styðja við umbótaáætlanir skóla. Kennarar og skólastjórar skulu eiga kost á reglulegri símenntun til að efla starfshæfni sína og einnig skulu þeir eiga kost á námsleyfum. Símenntunaráætlun skal birt í starfsáætlun skóla⁸.
7. Réttur nemenda. Nemendur eiga rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstillöggun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá skv. 13. gr. laga um grunnskóla. Þá eiga nemendur rétt á að njóta námsráðgjafar og fræðslu um náms- og starfsval í grunnskóla. Hver nemandi skal ennfremur hafa umsjónarkennara.
8. Móttökuáætlun á að vera til í skóla/sveitarfélagi fyrir nemendur sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi. Í 16. grein laga um grunnskóla eru ákvæði um hvaða þjónusta skal tryggð með móttökuáætlunum. Í greininni er gert ráð fyrir að unnin sé sérstök móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku⁹. Sjá nánar umfjöllun í [greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla](#).

Ennfremur eiga grunnskólar, skv. reglugerð nr. [585/2010](#) um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, að útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í reglugerðinni er skilgreint hverju skuli gera grein fyrir í áætluninni.

Upplýsingar um móttökuáætlanir skal birta í skólanámskrá¹⁰.

9. Íslenskukennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku. Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku en hafa fasta búsetu á Íslandi, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku skv. 16. gr. laga um grunnskóla og reglugerð um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku nr. [391/1996](#).

⁷ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 47

⁸ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 47

⁹ [Greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla](#)

¹⁰ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 46

10. Stuðningur við nemendur með sérþarfir. Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn í sveitarfélaginu njóti stuðnings í grunnskóla í samræmi við metnar sérþarfir þeirra sbr. 17. gr. laga um grunnskóla og reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. [585/2010](#). Þetta á við um öll skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða eru vistuð hjá fósturforeldrum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Sveitarfélag getur stofnað sérskóla til að koma til móts við nemendur með sérþarfir eða séð fyrir sérúrræðum innan grunnskóla á vegum sveitarfélagsins. Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt á sjúkrakennslu annað hvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Nánari ákvæði um stuðning við nemendur með sérþarfir eru sett í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. [585/2010](#).

Bráðgerir nemendur og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi¹¹.

11. Skólahúsnæði og búnaður í grunnskólum. Skólanefnd á að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leikskvæði nemenda. Það er á ábyrgð sveitarstjórnar/skólanefndar að tryggja að húsnæði og búnaður uppfylli kröfur skv. 20. gr. laga um grunnskóla og reglugerðar nr. [657/2009](#) um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða. Ennfremur skal uppfylla kröfur laga nr. [46/1980](#) um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðir sem heyra undir þau (t.d. reglugerð nr. [1000/2004](#) um aðgerðir gegn einelti á vinnustað).
12. Skólaakstur. Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs og öryggi nemenda skv. 22. gr. laga um grunnskóla. Reglur um skólaakstur í grunnskóla er að finna í reglum nr. [656/2009](#). Skólanefnd skal fyrir upphaf hvers skólaárs birta endurskoðaða áætlun um skólaakstur. Áætlunina skal kynna skólaráðum og skal hún vera íbúum sveitarfélagsins aðgengileg.
13. Skólamáltíðir. Nemendur í grunnskóla skulu eiga kost á máltíð á skólatíma skv. 23. gr. laga um grunnskóla.
14. Réttur grunnskólanemenda á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi. Hafi nemendur sýnt fullnægjandi færni eiga þeir rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi á meðan þeir eru í grunnskóla skv. 26. gr. laga um grunnskóla. Athugað skal þó að skv. bráðabirgðaákvæði með lögum um breytingu á lögum¹² verða þessi réttindi fyrst virk þegar reglur hafa verið settar um framkvæmd og fyrirkomulag þeirra. Miðað er við að þessi réttindi verði virk frá og með skólaárinu 2012-2013.

¹¹ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 31

¹² Lög um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum, sbr. lög nr. [91/2011](#)

15. Starfsáætlun. Skv. 29. gr. laga um grunnskóla skal árlega gefa út starfsáætlun í hverjum skóla. Þar er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum¹³. Þar kemur fram hvernig þeim kennsludögum sem skóli hefur til ráðstöfunar er varið. Árlegur starfstími nemenda er 9 mánuðir að lágmarki og skóladagar eiga að vera 180 að lágmarki ár hvert.

Í starfsáætlun skal samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla¹⁴ meðal annars birta upplýsingar um: Stjórnskipulag skólans ~ starfsfólk skólans ~ skóladagatal ~ tilhögun kennslu og kennsluáætlanir ~ árlegar áherslur og viðfangsefni innra mats ~ starfsáætlun nemenda ~ framboð og tilhögun valgreina í 8.-10. bekk ~ skólaráð og starfsáætlun þess ~ foreldrafélag og starfsáætlun þess ~ nemendafélag og starfsáætlun þess ~ skólareglur ~ upplýsingar um stoðþjónustu ~ upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf ~ símenntunaráætlun ~ rýmingaráætlun ~ viðbrögð við vá ~ annað sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Sjá nánar í [aðalnámskrá grunnskóla](#) á bls. 47.

Á hverju ári á skólanefnd að staðfesta starfsáætlun einstakra skóla skv. 6. og 29. gr. laga um grunnskóla. Skólanefnd fer yfir hvort starfsáætlunin hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólalags. Skólastjóri þarf gera skólanefnd grein fyrir með hvaða hætti fyrri starfsáætlanir hafa staðist. Starfsáætlun skóla á að vera aðgengileg öllum aðilum skólasamfélagsins.

16. Skólanámskrá. Skv. 29. gr. laga um grunnskóla skal í hverjum skóla gefa út skólanámskrá. Í skólanámskrá er stefna skólans birt og þau gildi sem hún og starf skólans byggist á. Stefna skólans leggur línurnar fyrir hvernig staðið er að þróunar- og umbótastarfi innan skólans. Skólanefnd á að fylgja því eftir að hver skóli geri skólanámskrá og staðfesta hana skv. 6. og 29. gr. laga um grunnskóla. Skólanámskrá á að vera aðgengileg öllum aðilum í skólasamfélaginu og hana á að endurskoða reglulega.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla og í henni kemur fram hvernig skólinn útfærir áherslupátti aðalnámskrár, skipulag kennslu og kennsluhætti og fjallað er um sérstöðu skólans og aðstæður¹⁵. Í aðalnámskrá¹⁶ er lögð áhersla á mikilvægi þess að hver skóli geri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig markmiðum laga um grunnskóla verði náð.

Skólanámskrá á skv. aðalnámskrá grunnskóla¹⁷ að birta upplýsingar um: Starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi ~ stefnu skólans; gildi, kennslu- og uppeldisfræðilega stefnu og kennsluhætti ~ útfærslu skólans á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga ~ markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár ~ námsmat skólans og vitnisburðarkerfi ~ aðferðir við innra mat á árangri og gæðum ~ áætlanir um umbætur og þróunarstarf ~ samstarf og upplýsingamiðlun á milli heimila og skóla ~ samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku og tilfærsluáætlun ~ tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig megi nýta það til náms og þroska ~ áætlun um móttöku nýrra nemenda ~ áætlun um áfengis- og fíknivarnir ~ áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi ~ áætlun í öryggismálum og slysavörnum ~ áætlun um jafnrétti og mannréttindi ~ áætlun um viðbrögð við áföllum ~ stefna í agastjórnun. Sjá nánar bls. 46 í [aðalnámskrá grunnskóla](#).

¹³ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 47

¹⁴ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 47

¹⁵ [Greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla](#)

¹⁶ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 22

¹⁷ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 46

17. Innra og ytra mat og umbætur í kjölfar mats. Í 36. gr. laga um grunnskóla og í reglugerð nr. [658/2009](#), um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald, er kveðið á um að hver grunnskóli skuli með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólustarfs og birta opinberlega upplýsingar um framkvæmd þess og helstu niðurstöður ásamt áætlun um umbætur. Innra mat á að tengjast þeim markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá og meta að hve miklu leyti þeim hefur verið náð. Það á að draga fram styrk- og veikleika skólans til að unnt sé að forgangsraða þeim verkefnum sem brýnt er að takast á við. Innra matið á að ná til allra þátta skólustarfsins og byggja á virkri þátttöku starfsfólks, nemenda og foreldra. Sjá nánar umfjöllun um innra mat í [aðalnámskrá grunnskóla](#) bls. 20, 21 og 43.

Skólanefndir bera ábyrgð á því að skólar vinni markvisst að því að meta innra starf sitt. Þær eiga að sjá til þess að innra mat skóla stuðli að auknum gæðum og bættum árangri með því að fylgja því eftir að umbætur komist til framkvæmda skv. 37. gr. laga um grunnskóla. Til stuðnings skal bent á leiðbeiningar og [viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla](#) sem aðgengilegar eru á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélög eiga að framkvæma ytra mat á grunnskólum skv. 37. gr. laga um grunnskóla og reglugerð um mat og eftirlit nr. [658/2009](#). Skólanefndum ber að sjá til þess að áætlanir um umbætur í kjölfar ytra mats séu gerðar og þeim fylgt eftir.

Ef eftirlit/ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis gefur til kynna að þörf sé á umbótum skal sveitarstjórn senda ráðuneytinu umbótaáætlun, sé eftir því óskað, þar sem fram kemur hvernig brugðist verður við niðurstöðum matsins og hvernig sveitarstjórn hyggst fylgja þeim eftir, skv. reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. [658/2009](#). Athuga skal að öll gögn sem safnað er af aðilum utan skólanna og gefa upplýsingar um skólann sem slíkan eru hluti af ytra mati, þ.m.t. samfélagslegar rannsóknir, alþjóðlegar rannsóknir og samræmd próf.

18. Sérfræðiþjónusta. Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla skv. 40. gr. laga um grunnskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. [584/2010](#). Sveitarfélög bera ábyrgð á að þjónustan sé veitt og kostnaði við hana. Í skólastefnu sveitarfélaga skal koma fram hvernig markmiðum framangreindrar reglugerðar um sérfræðiþjónustu verði náð.

Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur og ráðgjöf við nemendur og foreldra þeirra og hins vegar stuðningur og ráðgjöf við starfsemi skólans og starfsfólk með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Viðeigandi túlkunþjónusta er nauðsynleg til að tryggja að upplýsingar og ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum.

Við framkvæmd sérfræðiþjónustu eiga sveitarfélög að leggja áherslu á forvarnarstarf til að stuðla markvisst að almennri velferð nemenda og fyrirbyggja vanda¹⁸. Sérfræðiþjónusta felur í sér skimanir og athuganir á nemendum til að tryggja kennslu og námsaðstoð við hæfi og

¹⁸ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 33

viðeigandi íhlutun og einnig felur hún í sér greiningu á nemendum sem hugsanlega eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra¹⁹.

Sveitarfélög eiga að tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun á milli fagaðila innan sveitarfélagsins til að samhæfa sem best þjónustu við nemendur svo hún verði markviss. Slíkir fagaðilar eru t.d. félagsþjónusta, barnaverndaryfirvöld, heilbrigðisþjónusta og sérfræðiþjónusta (s.s. iðjuþjálfun, talþjálfun, sjúkraþjálfun, þroskaþjálfun og sálfræðiþjónusta). Sveitarfélög eiga einnig að hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda. Má þar nefna t.d. Greiningar- og ráðgjafarmiðstöð ríkisins, BUGL, Sjónstöð og Heyrnar- og talmeinstöð.

Í lögum um grunnskóla er áhersla á samfellu í skólagöngu nemenda. Það er því mikilvægt að við framkvæmd sérfræðiþjónustunnar sé lögð áhersla á góða samfellu og heildarsýn sem birtist í markvissri upplýsingamiðlun um hagi nemenda þegar þeir fara á milli skólastiga svo ekki verði rof í menntun þeirra við tilfærsluna²⁰.

Sveitarstjórn skal á grundvelli umsagnar fræðsluyfirvalda sveitarfélaga setja verklagsreglur um meðferð beiðna um sérfræðiþjónustu skv. 11. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu nr. [584/2010](#).

Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda sem lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með því að stofna nemendaverndarráð skv. 40. gr. laga um grunnskóla og reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. [584/2010](#).

Tillögur um úrbætur. Skólanefnd á skv. 6. gr. laga um grunnskóla að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um úrbætur þegar þess gerist þörf.

¹⁹ Lög um grunnskóla, nr. [91/2008](#), gr. 40

²⁰ [Aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011), bls. 33

Lykiltölur um grunnskólastarfið

Í reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. [658/2009](#) kemur fram að sveitarstjórnnum er skylt að veita mennta- og menningarmálaráðuneytinu, árlega eða oftár sé þess krafist, upplýsingar um framkvæmd skólahalds í grunnskólum í sveitarfélaginu. Gefin eru dæmi í reglugerðinni um þær tölulegu upplýsingar sem sveitarstjórnir skulu gera grein fyrir. [Hagstofa Íslands](#) hefur frá árinu 1997 safnað saman fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið megninu af þeim tölulegu upplýsingum, sem tilgreindar eru í reglugerðinni. Upplýsinganna hefur verið aflað beint frá grunnskólum með skýrslugerð tvisvar á ári.

Sveitarstjórn ber ennfremur skv. reglugerðinni að tryggja að upplýsingum um skólastarf sé miðlað til starfsfólks skóla, foreldra og nemenda.

Meginhluti þeirra lykiltalna sem taldar eru upp hér að neðan eru þær sem Hagstofan safnar og skilgreindar eru í framangreindri reglugerð sem upplýsingaskylda sveitarstjórna - þó að þeim sé safnað beint frá skólunum. Upplýsingarnar eru birtar á vef Hagstofunnar og sýna efnisflokkana á landsvísu og einnig eftir landshlutum. [Skólaskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) byggir m.a. á þessum upplýsingum frá Hagstofunni. Hún kemur út árlega og er ætlað að gefa sveitarfélögum möguleika á samanburði á ýmsum lykiltölum í skólahaldi.

Á grundvelli eftirlitsskyldu sinnar gætu skólanefndir viljað kalla eftir frekari lykiltölum frá grunnskólum en tilgreindar eru í reglugerðinni til að öðlast heildstæðari mynd af framkvæmd og umgjörð skólastarfsins. Slík töluleg gögn geta nýst sveitarstjórnnum í rekstrarlegu tilliti og jafnframt sem liður í eftirliti með gæðum skólastarfsins. Þær lykiltölur hér að neðan, sem ekki eru skilgreindar sem liður í upplýsingaskyldu skv. reglugerð en gagnlegt getur verið fyrir skólanefndir að hafa yfirsýn yfir, eru stjörnumerktar (*).

Lykiltölur um starfsfólk

1. Fjöldi starfsfólks í grunnskólanum
2. Fjöldi stöðugilda starfsfólks við kennslu (skólastjórnendur, grunnskólakennarar, sérkennarar og kennarar án kennsluréttinda)
3. Fjöldi stöðugilda annarra starfsmanna sem eru á launaskrá í skólanum
4. Menntun starfsfólks við kennslu (grunnskólakennaramenntun auk viðbótarnáms, grunnskólakennaramenntun, önnur háskólamenntun auk kennsluréttindanáms, önnur háskólamenntun, stúdentspróf eða önnur próf)
5. Skipting starfsfólks og menntun eftir starfssviðum (s.s. skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, kennarar, sérkennarar, sérgreinakennarar, stuðningsfulltrúar, námsráðgjafar, sálfræðingur, bókasafnsfræðingur, tölvuumsjón, húsvörður, ritari, skólaliðar o.fl.)
6. *Fjarvistir starfsfólks
7. *Starfsmannavelta
8. *Fjöldi klst. sem kennarar verja til endurmenntunar á ári með hliðsjón af skilgreiningu á vinnutíma kennara²¹
9. *Hlutfall kennslutíma kennara af heildarvinnutíma þeirra

²¹ Samkvæmt [kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags grunnskólakennara](#) hafa kennarar í grunnskóla allt að 150 klst. á ári til símenntunar og aukins undirbúnings (gr. 2.1.6.1).

Lykiltölur um nemendur

1. Fjöldi nemenda í hverjum skóla, fjöldi nemenda í árgangi, fjöldi bekkja og bekkjastærðir
2. Fjöldi nemenda í árgangi sem njóta sérkennslu eða stuðnings og fyrirkomulag hennar
3. Fjöldi nemenda með erlent móðurmál
4. Fjöldi nemenda með undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein
5. Fjöldi nemenda sem eru reknir tímabundið úr skóla
6. Fjöldi brottfallsnemenda úr skyldunámi
7. *Fjarvistir nemenda
8. *Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í kennslu
9. *Fjöldi nemenda á unglingastigi sem stundar samhlíða grunnskólanámi nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi

Lykiltölur um skólahald

1. Fjöldi og heiti skóla í sveitarfélaginu og rekstraraðili
2. Árlegur starfstími skóla - upphaf og lok kennslu eftir bekkjum
3. Fjöldi skóladaga og skipting þeirra í kennsludaga, prófdaga og aðra daga
4. Fjöldi daga þar sem kennsla féll niður vegna óviðráðanlegra orsaka
5. Kennslustundir í einstaka skyldunámsgreinum og valgreinum
6. Starfsdagar kennarar – flokkaðir eftir hvort þeir eru á starfstíma skólans eða ekki
7. *Sundurliðaður rekstrarkostnaður (s.s. laun og launatengd gjöld, lengd viðvera, innri húsaleiga, skólaakstur o.fl.)
8. *Áætlaður rekstrarkostnaður vs. endanlegur rekstrarkostnaður – skýring á frávikum
9. *Samræmd próf – niðurstöður og framfarastuðull
10. *Fjöldi skipulagðra daga til símenntunar og starfsþróunar innan starfstíma grunnskóla

Ytra mat og framgangur skólastefnu sveitarfélagsins

Í lögum um grunnskóla (5. gr.) er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að setja almenna stefnu um grunnskólahald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Ítarlegar [leiðbeiningar um gerð, innleiðingu og framkvæmd skólastefnu ásamt árangursmælingum og eftirfylgni](#) er að finna á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þá er í 37. gr. laga um grunnskóla kveðið á um að sveitarfélög sinni ytra mati á gæðum skólastarfs og fylgi því eftir svo það leiði til umbóta í skólastarfi. Skólastefna sveitarfélags myndar mikilvægan grunn fyrir ytra mat sveitarfélagsins á skólum. Í stefnunni koma fram þau meginmarkmið sem sveitarfélagið setur fyrir skólana og ytra matið hefur meðal annars þann tilgang að skoða hvernig gengur að vinna að þeim og hvort að þeim hafi verið náð.

Heimildir og efni sem vísað er í og/eða bent á í yfirlitinu

- Aðalnámskrá grunnskóla. *Almennur hluti* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningar-
málaráðuneyti. Skoðað 15. júní 2011 á: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3953>
- Björk Ólafsdóttir (2010). *Skólustefna sveitarfélaga. Handbók*. Reykjavík: Samband íslenskra
sveitarfélaga. Slóðin er: [http://www.samband.is/media/stefnumotun-i-skolamalum/-
Skolastefna-stora.pdf](http://www.samband.is/media/stefnumotun-i-skolamalum/-Skolastefna-stora.pdf)
- Björk Ólafsdóttir (2011). *Innra mat grunnskóla. Leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í
tengslum við innra mat grunnskóla*. Slóðin er: [http://www.samband.is/media/mat-og-
rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-og-vidmid-fyrir-efirlit-med-innra-mati-
lokaskjal.pdf](http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-og-vidmid-fyrir-efirlit-med-innra-mati-lokaskjal.pdf)
- Greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla. Slóðin er:
<http://www.althingi.is/altext/135/s/pdf/0319.pdf>
- Hagstofa Íslands. *Grunnskólar. Talnaefni*. Slóðin er:
<http://hagstofa.is/Hagtolar/Skolamal/Grunnskolar>
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Slóðin er:
<http://www.althingi.is/lagas/139a/1980046.html>
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og
framhaldsskóla nr. 87/2008. Slóðin er <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008087.html>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Slóðin er:
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>
- Lög um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum: Slóðin er:
<http://www.althingi.is/altext/stjt/2011.091.html>
- Ný menntastefna: Um grunnskóla. Skoðað 27. ágúst 2010 á: [http://www.nymenntastefna.is/-
grunnskolar](http://www.nymenntastefna.is/-grunnskolar)
- Reglugerð nr. 391/1996 um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.
Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>
- Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er:
<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=825314df-eadf-40ec-a41e-256e998ae0a4>
- Reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða. Slóðin er:
<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=c94c9362-d60e-4b87-ac5f-73c4ee46141a>
- Reglugerð nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um
skólahald. Slóðin er: [http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=316027a7-695f-
42a2-b10c-a6536395b183](http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=316027a7-695f-42a2-b10c-a6536395b183)
- Reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla. Slóðin er:
<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=5d56b828-87c9-44e4-ba56-7130e5dbcdc1>

Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Slóðin er:

<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=07ae16ca-cead-4338-9738-5e8705492543>

Reglugerð nr. 980/2009 um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum. Slóðin er: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=0f84f077-cd8c-4013-a104-c98b433a4676>

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemenda-verndarráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=49e415e2-dca6-4822-9b99-b2b6d1c326f4>

Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er:

<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=5ed99731-e461-4a74-b88c-c4b10fae3474>

Reglur nr. 656/2009 um skólaakstur í grunnskóla. Slóðin er:

<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=23517ace-64ca-4837-ab09-9a44416efca8>

Samband íslenskra sveitarfélaga. *Eyðublað um upplýsingaöflun úr sakaskrá.* Slóðin er: <http://www.samband.is/media/utgefing-efni-og-eydublod/Eydublad-fyrir-upplysingaoflun-ur-sakaskra-grunnskoli.doc>

Samband íslenskra sveitarfélaga. *Leiðbeiningar um upplýsingaöflun úr sakaskrá.* Slóðin er: http://www.samband.is/media/skolamal/Leiðbeiningar_upplysingaoflun-ur-sakaskra.pdf

Samband íslenskra sveitarfélaga. *Skólaskýrslur.* Slóðin er:

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/skoladagatol-og-onnur-utgafa/>

Samband íslenskra sveitarfélaga. *Varðar starfsmannamál grunnskóla.* Slóðin er:

<http://www.samband.is/media/utgefing-efni-og-eydublod/Starfsmannamal-grunnskola.pdf>

Steinunn Helga Lárusdóttir (2002). *Mat á skólastarfi. Handbók fyrir skóla.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Gátlistar um ábyrgð skólanefnda skv. lögum og reglugerðum f/grunnskóla

Lagalegir eftirlitsþættir sem varða skólastarf í sveitarfélaginu almennt

Hver liður hér á eftir á sér samsvörun í númeri efnisþáttanna sem tilgreindir eru á bls. 3 - 8 hér að framan. Þeir liðir sem eiga við sama efnisþáttinn bera þannig sama númer. Skammstöfunin „Gr.“ vísar til númers lagagreinar í lögum um grunnskóla ([91/2008](#)) og skammstöfunin „Rg.“ táknar reglugerð.

Lagalegar skyldur	Niðurstaða	Athugasemdir
1. Fylgist skólanefnd með því að öll börn á aldrinum 6-16 ára í sveitarfélaginu njóti skólavistar/lögbundinnar fræðslu? (Gr. 5. og 6.)		
2. Stuðlar skólanefndin að gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu? (Gr. 5. og 6.)		
2. Stuðlar skólanefndin að gagnvirku samstarfi grunn- og framhaldsskóla? (Gr. 5. og 6.)		
3. Stuðlar skólanefndin að samstarfi grunnskóla og aðila utan hans/þeirra? (Gr. 5)		
10. Fá öll skólaskyld börn í sveitarfélaginu sem eru metin með sérþarfir viðeigandi þjónustu? (Gr. 17 og Rg. 585/2010)		
14. Eiga nemendur á unglíngastigi þess kost að stunda nám í framhaldsskólaáföngum samhliða grunnskólanámi? (Gr. 26) (Ath. réttindi virk frá og með skólaárinu 2012-2013)		
18. Kemur fram í skólastefnu sveitarfélagsins hvernig markmiðum reglugerðar (nr. 584/2010) um sérfræðikennslu verði náð?		
18. Hefur sveitarfélagið frumkvæði að samstarfi og gagnkvæmri upplýsingamiðlun á milli fagaðila og skóla innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir? (Gr. 40 og Rg. 584/2010)		
18. Hefur sveitarfélagið frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda? (Gr. 40 og Rg. 584/2010)		
18. Hefur sveitarstjórn sett verklagsreglur um meðferð beiðna um sérfræðiþjónustu? (Rg. 584/2010)		

Gátlistinn er ekki tæmandi.

Lagalegir eftirlitsþættir sem athuga þarf hjá hverjum og einum grunnskóla

Hver liður hér á eftir á sér samsvörun í númeri efnisþáttanna sem tilgreindir eru á bls. 3 - 8 hér að framan. Þeir liðir sem eiga við sama efnisþáttinn bera þannig sama númer. Skammstöfunin „Gr.“ vísar til númers lagagreinar í lögum um grunnskóla ([91/2008](#)) og skammstöfunin „Rg.“ táknar reglugerð.

Lagalegir eftirlitsþættir	Niðurstaða	Athugasemdir
2. Er samstarf skólans við leikskóla í hverfinu/sveitarfélaginu með skipulögðum hætti? (Gr. 5 og 6)		
2. Eru til skráðir verkferlar um samstarf skólans við leikskóla? (Gr. 5 og 6)		
2. Er samstarf skólans við framhaldsskóla í sveitarfélaginu/nágranna-sveitarfélögum með skipulögðum hætti? (Gr. 5 og 6)		
3. Er skólinn í samstarfi við aðila utan skólans? (Gr. 5)		
3. Er samstarf skólans við aðila utan skólans með skipulögðum hætti? (Gr. 5)		
4. Er skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag starfandi við skólann? (Gr. 8, 9 og 10)		
5. Er við ráðningu starfsfólks í skóla óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá? (Gr. 11)		
6. Hefur verið unnin símenntunaráætlun fyrir skólann í heild fyrir yfirstandandi/næsta skólaár? (Gr. 12)		
6. Hefur verið unnin símenntunaráætlun fyrir einstaka starfsmenn fyrir yfirstandandi/næsta skólaár? (Gr. 12)		
6. Styður símenntunaráætlunin við stefnu og umbótaþarfir skólans? (Gr. 12)		
7. Hvernig er réttur nemenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri tryggður í skólanum? (Gr. 13)		
7. Hafa nemendur aðgang að náms- og starfsráðgjöf í skólanum? (Gr. 13)		
7. Hafa allir nemendur í skólanum umsjónarkennara? (Gr. 13)		
8. Hefur skólinn/sveitarfélagið skilgreint verklag um hvernig staðið er að móttöku nýrra nemenda (móttökuáætlun)? (Gr. 16)		

Lagalegir eftirlitsþættir sem athuga þarf hjá hverjum og einum grunnskóla frh.

Lagalegir eftirlitsþættir	Niðurstaða	Athugasemdir
8. Tryggir skólinn að nemendur með annað tungumál en íslensku og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastar? (Gr. 16)		
8. Hefur skólinn útbúið móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir? (Rg. 585/2010)		
9. Fá nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku sérstaka kennslu í íslensku? (Gr. 16 og Rg. 391/1996)		
10. Fá nemendur með sérþarfir viðeigandi stuðning í skólanum? (Gr. 17 og Rg. 585/2010)		
11. Uppfyllir skólahúsnæðið kröfur laga og reglugerða? (Gr. 20 og Rg. 657/2009)		
11. Uppfyllir aðbúnaður á útivistar- og leiksvæði/skólalóð kröfur laga og reglugerða? (Gr. 20 og Rg. 657/2009)		
11. Uppfyllir búnaður í skólanum kröfur laga og reglugerða? (Gr. 20 og Rg. 657/2009)		
11. Eru í skólanum og á skólalóð uppfylltar kröfur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum? (Lög nr. 46/1980)		
12. Er áætlun um skólaakstur aðgengileg íbúum? (Gr. 22 og Rgl. 656/2009)		
12. Eru reglur um skólaakstur uppfylltar? (Gr. 22 og Rg. 656/2009)		
13. Eiga nemendur kost á máltíð í skólanum á skólatíma? (Gr. 23)		
15. Hefur skólanefnd staðfest starfsáætlun skólans fyrir yfirstandandi/-næsta skólaár? (Gr. 6 og 29)		
15. Eru í starfsáætlun skólans birtar upplýsingar um alla þá þætti sem tilgreindir eru í aðalnámskrá grunnskóla? (Gr. 29)		
15. Er starfsáætlun aðgengileg á vef skólans eða með öðrum hætti? (Gr. 29)		
15. Hefur skólastjóri gert skólanefnd grein fyrir hvernig starfsáætlun síðasta árs stóðst? (Gr. 29)		

Lagalegir eftirlitsþættir sem athuga þarf hjá hverjum og einum grunnskóla frh.

Lagalegir eftirlitsþættir	Niðurstaða	Athugasemdir
16. Hefur skólanefnd staðfest námskrá skólans? (Gr. 6 og 29)		
16. Eru í skólanámskrá birtar upplýsingar um alla þá þætti sem tilgreindir eru í aðalnámskrá grunnskóla? (Gr. 29)		
16. Er skólanámskrá aðgengileg á vef skólans? (Gr. 29)		
16. Er skólanámskrá endurskoðuð með reglubundnum hætti? (Gr. 29)		
17. Er nýleg skýrsla/greinargerð um innra mat opinber, t.d. birt á heimasíðu skólans? (Gr. 36 og Rg. 658/2009)		
17. Kemur fram í skýrslu/greinargerð um innra mat hvernig markmið skólanámskrár eru metin? (Gr. 36 og Rg. 658/2009)		
17. Koma fram í skýrslu/greinargerð um innra mat upplýsingar um framkvæmd innra matsins og helstu niðurstöður? (Gr. 36 og Rg. 658/2009)		
17. Setti skólinn fram áætlun um umbætur í kjölfar innra matsins? (Gr. 36 og Rg. 658/2009)		
17. Eru umbótaáætlanir skólans birtar opinberlega, t.d. á heimasíðu skólans? (Gr. 36 og Rg. 658/2009)		
17. Hefur skólanefndin fylgt framkvæmd umbótanna eftir? (Gr. 37 og Rg. 658/2009)		
17. Hefur sveitarfélagið og/eða mennta- og menningarmálaráðuneyti framkvæmt ytra mat á skólanum? (Gr. 5, 6, 37 og 38 og Rg. 658/2009)		
17. Hafa áætlanir um umbætur í kjölfar ytra mats verið gerðar? (Gr. 37 og Rg. 658/2009)		
17. Hefur skólanefndin fylgt framkvæmd umbótanna eftir? (Gr. 37 og Rg. 658/2009)		
18. Er sérfræðiþjónusta veitt í skólanum? (Gr. 40 og Rg. 584/2010)		

Lagalegir eftirlitsþættir sem athuga þarf hjá hverjum og einum grunnskóla frh.

Lagalegir eftirlitsþættir	Niðurstaða	Athugasemdir
18. Eru skimanir og athuganir notaðar markvisst til að tryggja kennslu og námsaðstoð við hæfi nemenda? (Gr. 40 og Rg. 584/2010)		
18. Fer fram greining á nemendum ef grunur er um sálræna og félagslega erfiðleika sem gætu haft áhrif á nám þeirra? (Gr. 40 og Rg. 584/2010)		
18. Er starfandi nemendaverndarráð við skólann? (Gr. 40 og Rg. 584/2010)		

Gátlistinn er ekki tæmandi.